

Ed.

9. Frumvarp til laga

[8. mál]

um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Flm.: Gísli Jónsson.

I. KAFLI

Um stjórn iðnaðarmála.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra til þess að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann vera vélaverkfræðingur að menntun og taka laun samkv. III. fl. launalaganna.

Ráðherra skipar og 3 manna framleiðsluráð iðnaðarmálastjóra til aðstoðar. Skal það skipað til 4 ára í senn þannig: einum samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, öðrum samkvæmt tilnefningu rannsóknaráðs ríkisins, þeim þriðja án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins. Ráðherra skipar enn fremur og ræður fasta starfsmenn iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráði til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum þeirra. Laun og annar kostnaður við starfið greiðist úr ríkissjóði, og veitist til þess fé árlega í fjárlögum.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til meðlima framleiðsluráðs.

3. gr.

Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð eru ráðunautar ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum.

II. KAFLI

Um verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs.

4. gr.

Iðnaðarmálastjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um ný iðjuver, er ríkissjóður lætur reisa eða styrkir aðra til að koma upp, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða hann styrkir með lánnum, framlögum eða á annan hátt. Skal hann og hafa yfirumsjón með öllum slíkum framkvæmdum fyrir hönd ríkissjóðs. Hann skal og veita sams konar aðstoð bæjar- og sveitarfélögum og einstaklingum, ef þess er óskað, gegn hæfilegu gjaldi.

5. gr.

Sameiginleg verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs eru:

1. Að annast rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á öllum þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, hvort heldur er úr lofti, jörðu eða sjó.
2. Að gera árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum:
 - a. að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, rekstrarfé, fjárfestingu og opinberri aðstoð;
 - b. að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast best þörfum hennar á hverjum tíma;
 - c. að hendi sé ekki sleppt af neinum afurðum, er vér öflum, fyrr en þær hafa verið svo úr garði gerðar, að þær skili landinu sem mestum erlendum gjaldreyri, ef út eru fluttar, en spari sem mestan erlendan gjaldeyri, ef þær eru seldar innanlands.
3. Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar m. a. með því:
 - a. að fylgjast með öllum nýjungum, sem fram koma meðal annarra þjóða í iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té;
 - b. að leiðbeina iðnrekendum um endurbætur á vélum, húsakynnum og vinnutilhögun í iðjuverum;
 - c. að leiðbeina iðnrekendum um meðferð hráefna og á hvern hátt gera meg þau sem verðmætust, t. d. með blöndun annarra efna;
 - d. að halda uppi sífelldum tilraunum til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðarins.
4. Að stuðla að því, að ekki sé fluttur inn fullunninn varningur, ef unnt er og hagkvæmt að vinna hann hér á landi, heldur sé hann fluttur inn á því stigi, sem hann er ódýrastur, en þó hæfur til að vinnast að fullu í isl. iðjuverum.
5. Að fylgjast með framleiðslu, eftirspurn og sölu á íslenskum iðnaðarvörum á hverjum tíma, svo og með innflutningi á sams konar vörum, gæðum þeirra og verði.
6. Að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir íslenskar iðnaðarvörur utan lands og innan.
7. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir, að reist verði á kostnað ríkissjóðs eða styrkja beri af opinberu fé, svo og um endurbætur eða stækkun eldri iðjuvera.
8. Að gera tillögur um sölu iðjuvera ríkisins, ef hagkvæmara þykir, að þau séu starfrækt af öðrum aðilum.
9. Að athuga ársreikninga og fjárhagsáætlanir iðjuvera ríkisins og gera tillögur til úrbóta, ef sýnt er, að fyrirtækin eru starfrækt með tapi.

6. gr.

Ef iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð verða eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, ber hverjum aðila fyrir sig að gera henni grein fyrir því, í hverju ágreiningurinn er fólgin og hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu. Skulu sérálit aðilanna síðan send með málsskjölunum til ríkisstjórnarinnar.

7. gr.

Til þess að jafnan sé unnt að hafa heildaryfirlit yfir iðnaðarmálin í landinu, lætur framleiðsluráð stofna og gefa út ár hvert skýrslu um eftirfarandi atriði: Skrásetningu þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem starfrækt eru í landinu, hversu margir menn starfa við fyrirtækið og hversu mikinn tíma af árinu það er starfrækt og á hvaða árstíðum, hve mikil vinnulaunagreiðslan er, hver tegund framleiðslunnar er og hvaða framleiðslumagn, úr hvaða efnum er unnið og hvaða meðferð þau hafa fengið, hve mikill hráefnakostnaðurinn er og hvernig hann skiptist á erlendan og innlendan gjaldeyri, hve mikill innflutningstollur er á efni, sem notuð eru til fram-

leiðslunnar, og hve mikill útflutningstollur er greiddur, ef varan er flutt út, hvert sé verðlag vörunnar, þegar hún hefur verið fullunnin, og hvernig það er samanborið við verðlag á sambærilegum innfluttum vörum, hve mikill erlendur gjaldeyrir sparast við að framleiða vöruna fyrir innlendan markað og hve mikinn erlendan gjaldeyri varan skapar í útflutningi.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, sem hafa með höndum vinnslu eða sölu íslenskra afurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geti að gagni komið við störf þess og þær geta veitt. Sama gildir og um þær opinberar stofnanir, sem skýrslum safna, og þá einstaklinga, sem skyldur hafa um skýrslugerðir til slíkra stofnana.

Framleiðsluráð lætur búa út skýrsluform til útfyllingar fyrir þá aðila, er það óskar upplýsinga frá.

9. gr.

Skylt skal Atvinnudeild háskólans, og öðrum þeim stofnunum, sem starfræktar eru fyrir fé úr ríkissjóði, að veita framleiðsluráði alla nauðsynlega aðstoð við rannsóknir og tilraunir, eftir því sem þær hafa ástæður til og að gagni má verða fyrir iðnaðarmálin.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga, m. a. ákvæði um gjöld fyrir veitta aðstoð til iðjuvera.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram á Alþingi 1947, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Allt frá því að Ísland byggðist og fram í lok síðustu aldar er landbúnaðurinn aðalatvinnuvegur þjóðarinnar. Það var því engin tilviljun, að þegar hafizt er handa um viðreisn um miðja öldina sem leið, eftir margra alda vesaldóm, er jafnframt hafizt handa um að efla þennan atvinnuveg á skipulagðan hátt. Ekkert annað var eðlilegra eða sjálfsagðara. Menning landsins var svo samgróin þessum aldagamla atvinnuvegi, að yrði hann ekki treystur svo sem fönng voru á, hlaut menning landsins sjálf að biða óbætandi hnekki. Þessi staðreynd hefur jafnan síðan verið löggjafanum fullljós, og því er það, að enginn ágreiningur er um það, að ríkissjóður skuli eftir megni standa undir árlegum kostnaði af búnaðarfélögum, búnaðarþingum, búnaðarmálastjóra, landnámsstjóra, margvíslegri tilraunastarfsemi í þágu búnaðarmála, auk fjölda styrkja til búnaðarframkvæmda.

Fyrir breyttar aðstæður og meiri þekkingu á atvinnumálum urðu svo stórstígar framkvæmdir á þessari öld í sjávarútvegi landsmanna, að hér hefur skapazt annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, enn umfangsmeiri og enn stórbrotnari en landbúnaðurinn. Er nú svo komið, að á honum veltur allt um það, hvort landið hefur nægan erlendan gjaldeyri til þess að geta lifað menningarlífi á borð við aðrar þjóðir.

Þessi staðreynd hefur einnig verið viðurkennd af löggjafanum, og því er enginn ágreiningur um það, að ríkissjóði beri að standa undir árlegum kostnaði af fiski- félögum, fiskiþingum, fiskimálastjóra og margvíslegri tilraunastarfsemi í þágu fiski- veiðanna, auk fjölda styrkja til sjávarútvegs mála.

Í kjölfar þeirra margvíslegu möguleika, sem þessi atvinnuvegur ýmist skapaði eða bjó yfir, kom þróun iðnaðarins, m. a. hin stórkostlegu fiskiðjuver, svo sem sildarverksmiðjur, frystihús, lýsisvinnslustöðvar, niðursuðuverksmiðjur o. fl. Og nú er svo komið, að hér hefur risið upp þriðji aðalatvinnuvegur þjóðarinnar: iðnað-urinn.

Það er alveg ljóst, að þessi atvinnuvegur er engu þýðingarminni fyrir afkomu og menningu þjóðarinnar en bæði landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn, enda alveg víst, að því öflugri sem hann er gerður, því traustari reynast hinir aðalatvinnu-vegir þjóðarinnar, vegna þess að hráefni þeirra og afurðir verða fyrir atbeina iðnaðarins gerð jafnan margfalt verðmeiri og auðseldari. Þessi atvinnuvegur hefur þó ekki enn nætt sama skilningi af hálfu löggjafans eða notið sama fjárhagslega styrks eins og hinir aðalatvinnvegirnir, sem m. a. kann nokkuð að stafa af því, hve ungur hann er enn. Málum hans hefur ekki enn verið komið fyrir á sama hátt og málum hinna. En úr því er þessu frv., sem hér er borið fram, ætlað að bæta.

Fyrsti kafli frv. er um stjórn iðnaðarmálanna. Er þar lagt til, að skipaður sé sérstakur iðnaðarmálastjóri, og er það í samræmi við fyrirkomulag um stjórn búa-ðarmála og fiskimála. Þá er enn fremur lagt til, að skipað verði 3 manna framleiðsluráð, og verði þessir aðilar ráðunautar ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum, er annist jafnframt hin daglegu störf samkvæmt lögunum.

Annar kafli laganna er um verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs. Er verkefninu skipt í tvo meginþætti. Annar þátturinn er sá, að hafa fullkomið eftir- lit með iðjuverum ríkisins, fylgjast með rekstri þeirra og gera tillögur til úrbóta, ef nauðsyn krefur. Einnig að gera áætlanir yfir kostnað við byggingu iðjuvera, stækkun þeirra og endurbætur, og hafa jafnframt yfirumsjón með slíkum fram- kvæmdum.

Það er alþjóð kunnugt, að á undanförunum árum hafa orðið margvísleg mistök í byggingum og rekstri iðjuvera ríkisins. Hlaupið hefur verið til undirbúningslaust eða undirbúningslítið að reisa verksmiðjur fyrir tugi milljóna króna. Menn, sem ekki virðast hafa verið vandanum vaxnir, hafa verið kvaddir til að standa fyrir slíkum framkvæmdum, með þeim afleiðingum, að hús hafa hrunið, geymar sigið og kostnaður allur margfaldast, án þess að hægt sé að koma ábyrgð á nokkurn, sem að þessu hefur unnið. Launagreiðslur til þessara aðila munu þó ekki hafa verið skornar við nögl. Samfara þessu er alþjóð ljóst, að rekstur iðjuvera ríkisins hefur og verið með þeim endemum, að þau hafa sýnt milljónatöp, þótt einstak- lingar í sambærilegum rekstri hafi grætt og skilað rikissjóði drjúgum upphæðum í sköttum. Er slíkt ástand gersamlega óþolandi, og verður að verða þar breyting á. Með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í frv., er mjög mikil trygging fyrir því, að slíkt sleifarlag geti ekki átt sér stað.

Hinn þátturinn, og miklu veigameiri fyrir atvinnuveginum og afkomu þjóðar- innar í heild, er að skipuleggja iðnaðinn meira en gert hefur verið hingað til, byggja hann upp og endurbæta hann á visindalegum og þjóðhagslegum grundvelli.

Ef marka má álit og fullyrðingar þeirra manna, sem nú fara með fjárhagsmál þjóðarinnar, er hreinn voði fyrir dyrum, nema unnt sé að koma gjaldeyrismálun- um á tryggari grundvöll. En til þess að svo megi verða, er vart til annað en einhver af eftirfarandi leiðum eða allar til samans:

1. Að minnka innflutning byggð á meiri sparnaði í landinu;
2. að auka útflutning í magni, svo að nætt verði nauðsynlegum innflutningi;
3. að auka útflutninginn að verðmæti á móts við innflutninginn;
4. að minnka magn og verðmæti innflutningsins á þann hátt, að fullvinna sjálfir vöruna í landinu.

Fyrsta úrræðið verður aldrei annað en bráðabirgðalausn, óvinsæl og afleið- ingarík á ýmsan hátt til hins lakara, og annað úrræðið skapar enn meiri rányrkju og sóun, sem of lengi er búið að reka. Þjóðin verður því að taka upp baráttuna fyrir þriðja og fjórða úrræðinu, en til þess að árangurs sé að vænta í þeirri baráttu,

verður að skipuleggja iðnaðarframleiðsluna á líkan hátt og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Sem dæmi um það, hvað hægt er að gera í þessum málum og hvað gert hefur verið undanfarið, vil ég benda á, að 1929 er meðalalýsið aðeins 49% af þorskalýsisframleiðslu landsmanna; 1933 er það komið upp í 89% og nú upp í 95%, auk þess sem nú er 30% betri nýting úr lifrinni. Er allt það aukna fé, sem hér hefur fengizt, komið inn fyrir aðgerðir iðnaðarins.

Í fiskiðnaðinum einum eru margvislegir möguleikar, sem spara mundu milljónir í innflutningi og auka um enn fleiri milljónir útflutning, og sama má segja um landbúnaðinn, ef aðeins er beitt sér að þeim verkefnum, sem allt of lengi hafa verið vanrækt.

Það er alveg órannsakað mál enn, hvað landið hefur í sér fólgið af verðmætum hráefnum, sem vinna má úr, en hitt er þó víst nú þegar, að þau eru fleiri og meiri en svo, að við fáum afkastað því öllu á næstu árum. Breytt viðhorf hefur gert það að verkum, að þjóðin getur ekki lifað eingöngu á landbúnaði og rányrkjandi sjávarútvegi. Þriðju stoðinni, iðnaðinum, verður að renna undir til viðhalds lífi og menningu hennar. Og það verður að gerast nú þegar og á þann hátt, sem að gagni má verða.“

Meiri hl. iðnaðarnefndar gaf út nefndarálit, dags. 12. febr. 1948, með ýtarlegum umsögnum allra þeirra aðila, sem leitað var til, og lagði til, að frv. yrði samþykkt með nokkrum breytingum, sbr. þskj. 346 frá 1947. Minni hl. nefndarinnar gaf einnig út nefndarálit, þar sem lagt var til, að málið yrði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða þetta frumvarp með hliðsjón af lögum um rannsóknarráð ríkisins og lögum um fjárhagsráð og leggi síðan fyrir næsta Alþingi frumvarp um heildarskipun iðnaðarmálanna og aðstoð ríkisins við þau, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Var dagskráin samþykkt og málið þannig afgreitt til ríkisstjórnarinnar til frekari undirbúnings.

Á síðasta Alþingi átti ég margsinnis tal um það við ráðherra, hvað undirbúningi málsins liði, og kvað hann jafnan, að von væri á því og því engin ástæða fyrir mig að bera frv. fram að nýju á því þingi, þar sem tryggt væri, að hann mundi ljúka undirbúningi svo snemma, að málið yrði tekið fyrir á þinginu, enda væri almennur áhugi fyrir því, að málið næði sem fyrst fram að ganga. Af einhverjuun ástæðum komst þetta þó aldrei í verk. Er málið því borið fram nú og þess vænzt, að það fái st. samþykkt á þessu þingi, svo nauðsynlegt sem það má kallast vegna framtíðarþróunar iðnaðarmálanna í landinu.